

**Athugasemdir og hugmyndir sem bárust í samráðsgátt
Stjórnarráðsins í tengslum við heildarendurskoðun laga um mat á
umhverfisáhrifum.**

1. Skipulag.

- Skipulag á framkvæmdasvæði verði þvert á sveitarfélög.

2. Ákvörðun um matsskyldu.

- Einföldun á ferli matsskylduákvarðana.
- Matsskyldufyrirspurnarferli er lokað ferli og almenningi ekki hleypt að sem getur leitt til fjölgunar kæra.

3. Matsferlið.

- Matsáætlun verði valkvæð.
- Skoða tímafresti í matsferlinu.
- Meta samfélagsleg áhrif í umhverfismati.
- Takmarka að sömu umsagnaraðilar koma oftar en einu sinni að sama máli.
- Sampætting við önnur lög, lög um umhverfismat áætlana og skipulagslög.
- Ný stjórnsýslueining sem Skipulagsstofnun og sveitarfélög myndu hafa umsjón með og þar væri ein málsmeðferð með aðkomu annarra eins og Orkustofnunar. Eins má tengja kerfisáætlun betur við ferli umhverfismats.

4. Matsskýrslur.

- Ítarlegri kröfur til efnislegrar umfjöllunar í matsskýrslum áður en þær berast umsagnaraðilum.
- Kröfur til raunhæfra valkosta verði skýrðar betur en nú er.
- Stöðlun á formi og gæðum gagna sem afla þarf vegna mats á umhverfisáhrifum.

5. Álit um mat á umhverfisáhrifum.

- Skipulagsstofnun úrskurði um umhverfismat framkvæmdar.
- Gildistími álits um mat á umhverfisáhrifum of langur. Fella gildistíma á brott.
- Sami aðili gefi út álit um mat á umhverfisáhrifum og leyfi.
- Betri yfirferð á efni álits um mat á umhverfisáhrifum.
- Tengsl milli álits um mat á umhverfisáhrifum og leyfisveitinga skoðuð.

6. Framkvæmdaflokkar.

- Flokkur C verði felldur á brott.
- Yfirferð framkvæmda sem tilgreindar eru í viðauka og þær framkvæmdir sem ekki er fjallað um í tilskipun um mat á umhverfisáhrifum verði felldar á brott nema að sérstök og rökstudd ástæða sé til að halda þeim inni. Sem dæmi er nefnt haugsetning í sjó.

- Yfirferð og endurskoðun á skilgreiningu framkvæmdaflokka og viðmiðunargildum í 1. viðauka laganna.

7. Leyfi.

- Eitt framkvæmdaleyfi í stað margra leyfa.
- Veikburða sveitarfélög í tengslum við umsagnir og framkvæmdaleyfi.
- Vöktun og eftirlit með framkvæmdum.

8. Kærur.

- Ábending um að varhugavert sé að hafa opna kæruheimild án nokkurra takmarkana.
- Færa má kæruferli framar í ferlið.
- Kærugjöld verði tekin upp.
- Binda kærurétt almennings við þátttöku í ferlinu frá upphafi. Innheimta kærugjald sem yrði endurgreitt ef kæran yrði tekin til greina en ef úrskurðað yrði framkvæmdaraðila í hag eða kæra er tilefnislaus myndi gjaldið renna í ríkissjóð.